

Stjórnarfundur 23. janúar 2024. Mætt: Bjarni, Logi og Erlendur á staðnum, Edda á Teams en auk þeirra Áslaug og Steingerður.

1. Starfsmannamál: Rekstrarstjóri kynnir niðurstöður sinna starfsmannasamtala (sjá fylgigögn). Almenn ánægja með þá þróun sem á sér stað innan stjórnarinnar. Næsta skref er að Gísli gerir starfsmannakönnun, eina meðal fastráðins starfsfólks og aðra meðal kennara. Vonandi getur hann gert þetta í febrúar.
2. Rekstraráætlun nýhafins árs, rýnt í rekstrartölur haustannar (sjá fylgigögn). Gert er ráð fyrir auknum kostnaði við kynningarmál, störf lögfræðings, vorsýningu og útskrift. Í áætlunina vantar afskriftir upp á 7 milljónir. Launahækkun á almennum markaði er ekki verðlögð í áætluninni en samningar eru framundan og það er svigrúm fyrir hækkun til viðbótar við 10 prósentin. Áætlunin var samþykkt.
3. Launahækkun í upphafi árs var í samræmi við rekstrarniðurstöðu haustannar og rúmast vel innan þess afkomuramma sem skapast hefur við endurskipulagningu síðustu ára. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að halda vel á spöðum til að halda þessum árangri við.
4. Starfsáætlun skólans 2024-25 lögð fram og samþykkt af stjórn. (sjá fylgiskjal)
5. Stjórnendur skólans leggja til að gjaldskrá komandi skólaárs vegna dagskóla hækki ekki til fulls í samræmi við verðlagsþróun heldur verði hún ca 5%. Á síðasta ári voru skólagjöld hækkuð ríflega og því er vilji til að milda áhrifin af verðbólgunni að þessu sinni. Hinsvegar er mikilvægt að hækka jafnt og þétt á meðan verðlag hækkar. Verðlagning einstakra námskeiða er nú unnin í spálíkani og miðast við áætlaða framlegð. Það er því ekki lögð fram sama nákvæma gjaldskrá og hefð er fyrir. Stjórn samþykkir þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar verðlagningu námskeiða.
6. Samningar við ríki/borg. Það hefur komið fram í samtölum við ráðuneytið að fjármálaráðuneytið hafi samþykkt nýjan samning til þriggja ára. Þó er ekki búið að undirrita samninginn en Áslaug minnir á sig með reglulegu millibili. Þær Steingerður áttu fund með Helga Grímssyni sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs borgarinnar fyrr þennan dag. Það var góður fundur og HG er ljóst að það þarf að uppfæra samninginn við skólann eftir sex ára kyrrstöðu. Það ríkir ánægja með verkefnin sem skólinn vinnur þannig að við ættum að geta gengið út frá því að framhald verði á samstarfi við SFS.
7. Húsnæðismál. Flækjustigið varðandi Hringbrautina eykst stöðug. Staðarfjall, félag Skúla Gunnarssonar sem á Subway er í málaferlum við aðra eigendur innan hússins en þau málaferli geta hæglega eyðilagt flutningaverkefnið fyrir skólanum þar sem það getur dregist að niðurstaða fáiast og þá aukast líkurnar á að ríkið leiti

annað með leigusamninginn fyrir miðstöð fyrir flóttafólk. Ef það verður hrynur grundvöllurinn undir lánveitingar til kaupanda JL hússins.

Nú eru í gangi tilraunir til að kaupa húsnæði Skúla af honum en því miður þurfa þau kaup að gerast á miklu yfirverði. Ljóst er að skólinn þarf að taka hluta af því tjóni á sig. Áslaug telur að skólinn hljóti að skoða að lækka verðið á eigninni en eftir 8 ára tilraunir til að selja það er nokkuð skýrt að markaðsvirði hússins nær ekki þeirri upphæð sem samþykkt kautilboð byggir á. Stjórn samþykkir að hún haldi áfram að vinna að málinu með það í huga að lækka verðið en þó getur hún ekki gengið til kaupsamnings án vitundar og samþykkis stjórnar.

Áslaug sýndi í lok fundar stjórn glærur með kynningu á hugmyndum Fiðluhúss og hönnunarstofunnar iWunderwerkz sem Gabríel er í samstarfi við en þar er gengið út frá því að uppbygging í húsunum við Laugaveg/Rauðarárstíg hverfist um skólann. Vinnuheiti á reitnum er Listakjarninn við Hlemm. Áslaug fór ásamt Gabríel og Frosta Gnarr hjá iWunderwerkz á fund hjá borgarskipulaginu og þar var þessum hugmyndum mjög vel tekið, ekki síst því að skólinn yrði þarna sá miðpunktur sem ætlunin er að hann verði skv. Kynningunni (sjá fylgigögn)

8. Önnur mál. Fleira var ekki rætt. Fundi slitið.

Fundi slitið.

Fundargerð ÁTh

Undirritunarsíða

Bjarni Hinriksson

Logi Bjarnason

Erlendur Hjaltason

Edda Kristín Sigurjónsdóttir